



Fréttatilkynning
04 February 2026 13:15:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands veitir heimild fyrir endurkaupum eigin hlutabréfa

Þann 4. febrúar 2026 veitti fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) Íslandsbanka hf. (bankinn) heimild fyrir allt að 15 milljarða króna endurkaupum eigin hluta að markaðsvirði. Heimildin er bundin því skilyrði að kjósi bankinn að greiða arð umfram arðgreiðslumarkmið bankans, lækki heildarfjárhæð heimildarinnar sem nemur fjárhæð slíkrar arðgreiðslu.

Við lok dags 3. febrúar 2026 átti bankinn 126.293.195 eigin hluti, sem svarar til 6,72% af útgefnum hlutum.

Bankinn mun nýta heimildina til endurkaupa í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum, til dæmis með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Bankinn mun tilkynna um tímasetningu og framkvæmd endurkaupa samkvæmt framangreindri heimild þegar ákvörðun um þau hefur verið tekin.

Til áréttingar skal þess getið að yfirstandandi endurkaup bankans sem tilkynnt var um þann 7. júlí 2025 fara fram á grundvelli fyrri heimildar fjármálaeftirlitsins sem veitt var árið 2025.

Þessi tilkynning er birt af Íslandsbanka hf. og inniheldur upplýsingar sem töldust eða kunna að hafa talist innherjaupplýsingar í skilningi 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðsins (ESB) nr. 596 /2014 um markaðssvik (MAR), sbr. lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum, varðandi heimild fjármálaeftirlitsins fyrir endurkaupum eigin hlutabréfa sem lýst er að ofan. Tilkynning þessi er gerð af Ellerti Hlöðverssyni, fjármálastjóra Íslandsbanka hf., í samræmi við upplýsingaskyldu bankans samkvæmt MAR og 2. gr. framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EU) 2016 /1055.

Viðhengi

Íslandsbanki hf.: Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands veitir heimild fyrir endurkaupum eigin hlutabréfa